



Veggspjaldsamkeppni WSIS 2003

Leiðbeiningar og skráningareyðublað

Leiðtogafundur um upplýsingasamfélagið í samvinnu við Tölvufræðsluáttak (*Cyberschoolbus*) Sameinuðu þjóðanna kynnrir veggspjaldsamkeppni WSIS (*World Summit on the Information Society*) 2003.

Heimur okkar er að taka grundvallarbreytingum þar sem iðnaðarsamfélag 20. aldar vikur óðum fyrir upplýsingasamfélagi 21. aldar. Upplýsinga- og samskiptatækni (UT) hefur breytt öllum sviðum lífs okkar, viðskiptaháttum, námi, frístundum og þjónustu stjórnvalda við þegna sína. Upplýsingasamfélög ættu að nota UT eins og síma, útvarp, sjónvarp og tölvu þannig að það komi öllum til góða.

Í desember 2003 munu leiðtogar heimsins koma saman í Genf í Sviss á fyrsta hluta leiðtogafundar um upplýsingasamfélagið (WSIS). Athygli þeirra mun beinast að vaxandi bili milli þjóða sem hafa aðgang að UT og þeirra sem hafa hann ekki. Markmið þeirra verður að finna leiðir til að tryggja að allir njóti góðs af upplýsingabyggingunni sem nú á sér stað.

Veggspjaldsamkeppni WSIS veitir nemendum um allan heim tækifæri til að koma á framfæri hugmyndum sínum um upplýsingasamfélagið.

Pemu

Nemendur skulu velja eitt eftirfarandi efna sem þema fyrir veggspjaldið sitt:

1. UT hjálpar fólki að læra um heiminn sem það býr í

Með upplýsinga- og samskiptatækni (UT) er hægt að miðla samstundis upplýsingum um jörðina, plöntur, dýr og aðrar lífverur sem deila hnettinum með okkur. Með auknu aðgengi að UT getum við deilt þessari þekkingu með sífellt fleira fólki um allan heim. Búið til veggspjald sem sýnir möguleika UT til að veita öllum þessar upplýsingar.

2. UT hjálpar fólki að meta fjölbreytta menningu

Annar kostur við upplýsinga- og samskiptatækni (UT) er að hún getur tengt fólk sem býr langt frá hvert öðru. Hægt er að tala við fólk á stöðum sem viðkomandi hefur aldrei komið til. Búið til veggspjald sem sýnir möguleika UT á að tengja fólk um heim allan sem byggir upp samfélag friðar og stuðlar að virðingu fyrir fjölbreytilegri menningu.

3. UT getur stuðlað að bættum lífsgæðum

Í september 2000 samþykktu leiðtogar heim að beita stjórnvaldslegum leiðum til að berjast gegn fátækt, hungri, sjúkdómum, ólæsi og ójafnrétti gagnvart konum og að vernda umhverfið. Búið til veggspjald sem sýnir hvernig nota má UT til að finna lausnir á einhverju þessara heimsvandamála. Til dæmis hvernig er hægt að nota UT til að gera grunnheilsugæslu skilvirkari eða til að vernda umhverfið.

4. UT getur auðveldað fólki að taka ákvarðanir um mál og auðveldað stjórnvöldum að veita þegnum sínum þjónustu

Eitt af markmiðum leiðtogafundarins um upplýsingasamfélagið er að finna leiðir til að nota UT til að hjálpa fólki, einkum konum, til að taka aukinn þátt í stjórn samfélagsins og koma að ákvarðanatöku. Að auki mun WSIS einning beina sjónum að því hvernig



stjórnvöld geta notað UT til að veita þegnum sínum skilvirkari þjónustu. Búið til veggspjald sem sýnir hvernig hægt er að nota UT á þennan hátt.



5. Upplýsingar og mannréttindi

19. grein mannréttindayfirlýsingarinnar tryggir rétt til að leita, fá og miðla upplýsingum um hvers konar miðla. Þegar yfirlýsingin var samin voru margir þættir nútíma upplýsingatækni ekki til. Ný tækni, svo sem tölvur og farsímar, hafa gefið þessu ákvæði um réttinn til að leita, fá og miðla upplýsingum nýja merkingu. Búið til veggspjald sem lýsir grundvallarrétti hvers og eins til að veita og fá upplýsingar óháð búsetu eða um þær mörgu leiðir sem UT opnar til að veita og fá upplýsingar.

6. UT og stafræna gjáin

Þrátt fyrir öran vöxt UT víða um heim er enn mikið bil á milli þeirra sem hafa og nota UT og þeirra sem gera það ekki. Þessi upplýsingagjá er kölluð *stafræna gjáin* og er til á milli ríkra og fátækra landa, hátekju- og lágtekjufjölskyldna, drengja og stúlkna, ólíkra þjóðernishópa og jafnvel sveita- og borgarsamfélaga. Búið til veggspjald sem sýnir þörfina á því að minnka stafræna bilið.

Þátttökuréttur



Grunnskólanemendur 9 ára og eldri og framhaldsskólanemendur hafa rétt til þátttöku. Nemendur yngri en 9 ára og þeir sem hafa lokið framhaldsskólanámi hafa ekki þátttökurétt. Hvert framlagi skal staðfest af kennara eða skólastjórnanda viðkomandi skóla. **Öllum framlögum skal fylgja þátttökueyðublað sem er hér fyrir aftan.**

Einn sigurvegari verður valinn af hverju skólastigi. Vinningsspjöldin verða sýnd á leiðtogafundinum um upplýsingasamfélagið í desember 2003.

Upplýsingar



Notið vaxliti, litblýanta, tússpenna, málningu, vatnsliti, blýant eða önnur teikniefni. Ekki verður tekið við klippimyndum með útklipptu efni úr tímaritum eða skúlptúrum. Nota má orð á veggspjaldinu en þess er ekki krafist. Veggspjöldin skal leggja fram á pappír eða pappa innan eftirfarandi stærðarmarka.

- Ekki stærri en 60x45 sm (18" x 24")
- Ekki minni en 28x32 sm (8,5" x 11")

Á baki hvers veggspjalds skal vera eftirfarandi:

- Nafn listamanns, aldur og bekkur
- Nafn skóla og skólastig (grunnskóli, framhaldsskóli)
- Heimilisfang og land

Mat framlaga

Framlög verða metin eftir:

- hve vel þau túlka eitt ofangreindra þema
- listrænni tjáningu
- frumlegri notkun UT á veggspjaldinu

Verðlaun

Eitt framlag frá hverju landi verður gert að veggspjaldi og sýnt á leiðtogafundinum um upplýsingasamfélagið í Genf í Sviss sem verður haldinn í desember 2003.

Skilafrestur

Framlög fyrir veggspjaldasamkeppni WSIS 2003 skulu pósthöfð í síðasta lagi 31. október 2003.

(UT stendur fyrir upplýsingatækni / upplýsinga- og samskiptatækni)

WSIS Poster Contest 2003 Entry Form – ICELAND

Pátttökueyðublað í veggspjaldsamkeppni WSIS 2003

(Nemandi, foreldri hans eða forráðamaður og kennari verður að undirrita þetta eyðublað.)

Með undirritun þessa eyðublaðs votta ég að þetta veggspjald er unnið af mér og ég veiti WSIS heimild til að sýna verk mitt, nafn mitt og ljósmynd. Ég samþykki að þetta verk mitt getur orðið eign WSIS og ekki hægt að skila því.

(Vélritið eða skrifið greinilega)

Nafn nemanda _____ Dagsetning _____

Undirskrift nemanda _____ Bekkur _____

Undirskrift foreldris
eða forráðamanns _____

Nafn og undirskrift
ábyrgðarkennara _____

Nafn skóla _____ Netfang skóla _____

Aðsetur skóla _____ Staður/póstnúmer _____

Sendið veggspjaldið og útfyllta eyðublaðið til:

WSIS Poster Contest
United Nations
Cyberschoolbus
405 East 42nd Street
Room S-931E
New York, New York 10017
USA